

EFTIRLITSSKÝRSLA

OLÍUBIRGÐASTÖÐ OLÍUDREIFINGAR Á SAUÐÁRKRÓKI

Dagsetning	11. maí 2011	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Olíudreifing ehf.	Starfsleyfi, gildir til	31. janúar 2018
Heimilisfang	Gelgjutanga við Kleppsmýrarveg	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	660695-2069	Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson
Isat nr.	63.40	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	N65 45,430 V19 39,017
Starfsemi	Önnur flutningamiðlun.		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik eru frá kröfum í starfsleyfi eftir að mælingar á olíu í frárennsli stöðvarinnar bárust. Engar aðrar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir magntölur fyrir stöð Olíudreifingar á Sauðárkróki, rekstrarhandbók skoðuð og farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók. Olíudreifing hefur í notkun skráningarblað (svokallað mánaðarblað) sem er notað á öllum birgðastöðvum þeirra, þar sem skráð er ýmist viðhald og eftirlit í birgðastöðvunum.

Farið var yfir breytingar á fráveitumálum stöðvarinnar, en vegna vatnsaga í þróum hefur verið tekinn í notkun olíuskynjari tengdur rafloka í frárennsli frá stöðinni. Ef olía finnst í frárennslinu lokast fyrir frárennsli frá stöðinni og send eru út boð til starfsmanna. Loki í frárennsli stendur lokaður þangað til starfsmenn hafa brugðist við boðunum og verða síðan að opna handvirkt fyrir frárennslið ef allt er í lagi.

Farið var í skoðun á olíubirgðastöðinni geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskilja og fráveitumál. Teknar voru myndir af breytingum á frárennslismálum. Girðingar og hlið voru í góðu lagi og stöðin snyrtileg ásýndar.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik:

Í eftirliti hafði ekki verið mæld olía í fráveituvatni stöðvarinnar, en greining hefur nú borist Umhverfisstofnun og því telst það ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar við stöðina.

Önnur mál: Mæling á olíu í frárennsli stöðvarinnar

Umhverfisstofnun hefur samþykkt olíupróf frá Macherey Nagel, sem mælikvarða á hvort olía sé í frárennslinu. Verði litabreytinga ekki vart, telst frárennslið hafa staðist kröfur um minna en 15 mg/kg (ppm) olíu í frárennslinu. Ef vottar fyrir litabreytingum á strimlinum skal taka sýni úr fráveitu stöðvarinnar og mæla olíuinnihald sýnisins (magnbundin greining).

Reykjavík, 29/08/2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.